

Nd.

239. Frumvarp til laga

[102. mál]

um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson.

I. KAFLI

Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum, þar sem um er að ræða samfelld svæði.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda lýtur sandgræðslustjóri yfirstjórn hennar við hlið búnaðarmálastjóra, en landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur sandgræðsluverði að þörfum að fengnum tillögum sandgræðslustjóra. Sandgræðsluverðir skulu auk búfræðimenntunar hafa aflað sér starfsæfinga við þau verklegu störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra sé heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðunum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Telji hann hættu á, að land kunni að fara í örtróð eða gróðri að hnigna til mikilla muna sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefndar.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði skv. launalögum, 1. gr., V. flokki, og sandgræðsluverðir skv. IX. flokki.

II. KAFLI

Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að álitu sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnyttjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.

2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Við töku lands með eignarnámi eða á annan hátt skal ávallt leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins að fengnum rökstuddum tillögum sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands. Einnig skal afhenda ráðuneytinu samrit af öllum öðrum samningum, sem sandgræðslan gerir um umráð lands til græðslu.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landsþjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírgirðingar, eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarihlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar, og ef út af er brugðið, varðar það sektum. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði aðvart um gallana.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsum samkomulagi, er svo fullgróið, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal heimilt að afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkissjóður land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum, ef landið hefur verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af viðkomandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga

landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan, að framförnu mati, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að $\frac{2}{3}$ greiddur úr ríkissjóði, en $\frac{1}{3}$ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram skv. 13. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnot af landinu.

13. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 12. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

14. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

15. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður tilkynna það eigendum fjárins. Komist sömu skepnurnar þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðsla Íslands greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

III. KAFLI

Um græðslu lands til beitar.

16. gr.

Auk fjár þess, sem veitt er til sandgræðslu samkv. II. kafla laga þessara, skal á árunum 1959—1968 veita fé úr ríkissjóði, eigi minna en 3 millj. kr. á ári, til þess að efla gróður í afréttum og úthögum á samfelldum landsvæðum. Skulu þau landsvæði ganga fyrir, þar sem landþrengst er til beitar og búskapar, brjóti það eigi í bága við skipulagðar framkvæmdir sandgræðslunnar.

17. gr.

Sandgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknadeild búnaðardeildar háskólans gera fyrir árslok 1959 tíu ára áætlun um framkvæmdir samkv. 16. gr. Skulu í áætlun þessari valin og tilgreind þau svæði, sem nauðsynlegast telst að taka til græðslu og mestar líkur eru fyrir að skili árangri. Sandgræðslustjóri ákveður, hvaða svæði skulu tekin til græðslu árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

18. gr.

Um öflun umráðaréttar á landi til græðslu skv. 17. gr. gilda hin sömu ákvæði og um það land, sem tekið er til græðslu skv. II. kafla laga þessara, um heftingu sandfoks, 6. grein.

19. gr.

Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkv. 17. gr. og öðrum ákvæðum laga þessara, hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr., en

heimilt er sandgræðslustjóra að taka land til græðslu með sáningu og áburði eða með áburði einum svo og með áveitu án þess að girða landið, ef athuganir leiða í ljós, að slíkt er vænlegt til árangurs.

20. gr.

Bændur, félag einstakra bænda eða hreppsfélög geta efnt til sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og forsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Um kostnað við sandgræðslu og afhendingu lands að aflokinni græðslu, sem framkvæmd er á þennan hátt, gildir hið sama og um sandgræðslu á löndum í cinkaeign, sbr. II. kafla laga þessara, 11.—13. grein.

IV. KAFLI

Um athugun og eftirlit á afréttum.

21. gr.

Sandgræðslustjóri, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður og héraðsráðunautar skulu fylgjast sem bezt með notkun afrétta í héraði hverju um land allt með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarpól landsins.

Héraðsráðunautum er skylt að fylgjast með fjölda þess búfjár, sem í afréttum gengur, svo og vænleika þess og afurðum.

22. gr.

Ef eftirlit það, sem um getur í 21. gr., leiðir í ljós, að ofsett er í afréttarland, svo að hætta sé á gróðurfarsspillingu eða uppblæstri sökum ofbeitar, skulu þessir aðilar tilkynna það skjállega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og rökstyðja álit sitt og tillögur til úrbóta.

23. gr.

Nú gerir sandgræðslustjóri kröfu um ítölu, og fer þá um það skv. ákvæðum laga nr. 85 16. des. 1943, um ítölu, og laga nr. 43 23. febr. 1945, um breytingu á þeim.

24. gr.

Sandgræðslustjóri skal ásamt hreppstjórum hafa eftirlit með, að ákvæðum um ítölu búfjár í lönd þau, sem hann hefur umráð yfir skv. lögum þessum, sé framfylgt.

V. KAFLI

Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

25. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

26. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

VI. KAFLI

Um öflun fjár til sandgræðslu.

27. gr.

Af hverri sauðkind, hverjum nautgrip og hverju hrossi, sem sett er á vetur og talið fram um áramót, skal greiða gjald, er nemi einni krónu á kind, 10 kr. á nautgrip og hross. Gjald þetta skulu lögreglustjórar innheimta með öðrum opinberum gjöldum.

28. gr.

Af öllum tóbaksvörum, sem inn eru fluttar, skal leggja 3% gjald á útsöluverð vörunnar. Gjaldi þessu skal skipt að jöfnu milli Sandgræðslu Íslands og Skógræktar Íslands. Skal Tóbakseinkasalan standa skil á þessu gjaldi til rétttra aðila.

29. gr.

Á allt innflutt fóður leggist 16% yfirfærslugjald, sem varið sé að hálfu til græðslu lands, samkv. III. kafla laga þessara, en að hálfu til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir.

30. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt ákvæðum 27., 28. og 29. gr. laga þessara, skal auk framlags ríkisins samkv. 16. gr. varið til framkvæmda við að græða land samkvæmt III. kafla laganna.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 100—10000 krónur, nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal farið með að hætti opinberra mála.

32. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sandgræðslu eða einstök atriði hennar samkvæmt lögum þessum.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Greinargerð.

Þetta frumvarp, sem ég leyfi mér að flytja hér: „Frumvarp til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands“ — hefur verið allengi í undirbúningi, þótt ekki hafi það fyrr komið til meðferðar hér á hinu háa Alþingi.

Upphaf þessa máls er það, að í júlímánuði 1957 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga jafnframt möguleika á að auka þá starfsemi. Nefnd þessi starfaði síðan á þann hátt, er frá er skýrt í fylgiskjali I hér á eftir. Nefndin lauk störfum í marzmánuði 1958 og afhenti þá landbúnaðarráðherra frumvarp ásamt ýtarlegri greinargerð. Um sama leyti kom út rit um sandgræðslumál í sambandi við 50 ára afmæli sandgræðslunnar, en hún tók til starfa árið 1907.

Landbúnaðarráðherra sendi frumvarpið til búnaðarþings, sem þá sat að störfum. Búnaðarþing mælti ákveðið með meginatriðum frumvarpsins, en gerði nokkrar breytingartillögur við það, og voru þær sendar til landbúnaðarráðuneytisins.

Síðan hefur mál þetta legið niðri. Hefur þó nú þegar fengizt nokkur árangur af starfi nefndarinnar, m. a. með auknum fjárveitingum til Sandgræðslu Íslands og að unnt var að hefja tilraunir með að dreifa áburði úr flugvél um heitilönd, eins og framkvæmt var á s. l. sumri.

Ég hef tekið þá ákvörðun að flytja frumvarp þetta eins og nefndin gekk frá því. Ég læt hins vegar fylgja sem fylgiskjal II tillögur búnaðarþings. Skal það tekið fram, að ég er mörgum breytingartillögum búnaðarþings samþykkur, en tel rétt og eðlilegast, að þær verði athugaðar í nefnd í Alþingi.

Ég læt fylgja frumvarpi þessu yfirlit um sandgræðslugirðingar, merkt: fylgiskjal III, sömuleiðis: Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu, merkt: fylgiskjal IV. Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frumvarpinu í framsögu.

Fylgiskjal I.

Greinargerð millipinganeftar um frumvarpið.

Með bréfi, dags. 24. júlí 1957, skipaði landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, 5 manna nefnd „til að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga möguleika á að auka þá starfsemi“.

Í nefndina voru skipaðir:

Björn Kristjánsson fyrrv. kaupfélagsstjóri, formaður.

Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri.

Arnór Sigurjónsson fulltrúi.

Páll Sveinsson sandgræðslustjóri.

Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn þ. 16. ágúst. Var þá kosinn ritari Arnór Sigurjónsson.

Á þessum fundi var ákveðið að skoða sem flest uppblásturssvæði landsins og sjá með eigin augum þær framkvæmdir, sem gerðar hefðu verið til að stöðva landspjöllin og græða foksvæðin að nýju.

Fyrsta ferðin í þessu skyni var farin 16. ágúst. Ekið um Rangársanda og skoðuð öll helztu fok- og uppgræðslusvæði.

Önnur ferð til Norðurlands dagana 21.—24. ágúst. Skoðuð sandgræðslusvæði í Kelduhverfi, Hólssandi, Hólsfjöllum, Austurfjöllum, Hólasandi og Sellöndum í Mývatnssveit, brunasvæði á Hvammsheiði og Þingeyra- og Sigríðarstaðasandar í Húnaþingi.

Þriðja ferð þ. 11. sept. til Haukadals í Biskupstungum. Skoðuð uppblásturssvæði á Haukadalsheiði.

Fjórtða ferð í Vestur-Skaftafellssýslu 16. og 17. sept. Ekið um Holt- og Land- sveit í Rangárþingi, Fjallabaksleið, Skaftártungu að Kirkjubæjarklaustri. Skoðaður Stjórnarsandur og í heimleið sandgræðslusvæði í Meðallandi, Vík, Sólheimasandi og Skógasandi.

Í þessum ferðum bar margt fyrir augu, og mun sumt af því verða harla minnisstætt þeim, sem ekki höfðu séð það áður.

Á sumum stöðum gat að líta kolsvarta sanda, þar sem áður voru fegurstu gróðurlendur. Annars staðar hafði sandgræðslunni hins vegar tekizt að stöðva algerlega uppblásturinn og hjálpa náttúrunni til að klæða stór svæði þroskamiklum nytjagróðri, þar sem fyrir nokkrum árum var örfoka land.

Víða vofir yfir mikil eyðingarhætta af völdum uppblástursins, og verður því að heyja stöðugt varnarstríð gegn þeim voða. Sem betur fer, er nú fengin örugg vissa, byggð á reynslu, fyrir því, að hægt er að stöðva eyðinguna, ef ekki skortir fé og árvekni. Með friðun, sáningu og áburði er hægt að snúa vörn í sókn og breyta örfoka landi í vel gróið nytjaland. Margir fróðir menn telja nú þegar ofsetin afréttarlönd sumra héraða og megi að minnsta kosti ekki að ósekju fjölga þar sauðfé frá því, sem nú er. Þetta er m. a. álit J. B. Campbells, sem fenginn var til þess, árin 1954 og 1956, að athuga beitarþol haga okkar. Þar sem svo er ástatt, verða bændur að skilja það, að vaxandi nýrækt og töðufengur má ekki leiða til fjölgunar sauðfjárins, nema sumarhagarnir séu jafnframt auknir.

Á fundi nefndarinnar þ. 14. okt. kom til tals, að á þessu ári, 1957, væru liðin 50 ár síðan sett var fyrsta löggjöfin um sandgræðslu á vegum ríkisins og að við- eigandi væri, að þessa merka afmælis væri minnzt með útgáfu minningarrits, þar sem skráð væri saga sandgræðslustarfsins. Þessari hugmynd var vel tekið, og á

öðrum fundi, þ. 6. nóv., var samþykkt, að nefndin hefði forgöngu um útgáfu ritsins, en áður hafði fengizt loforð frá stjórn Búnaðarfélags Íslands og sandgræðslustjóra um, að þessir tveir aðilar tækju að sér útgáfuna. Enn fremur hafði landbúnaðar-ráðherra gefið ádrátt um fjárstyrk til hennar úr ríkissjóði. Samið var við Arnór Sigurjónsson um, að hann tæki að sér ritstjórn bókarinnar, og er það að þakka góðri samvinnu við starfsmenn prentsmiðjunnar Eddu, að tekizt hefur á óvenjulega skömmum tíma að koma út ritinu. Ætlast nefndin til, að rit þetta, Sandgræðslan, geti talizt aðalgreinargerð með þessu frumvarpi, og er greinargerð sú, er frumvarpinu fylgir, því styttri en ella.

Þegar fyrir síðustu aldamót voru í gildi lög (nr. 6 15. febr. 1895), þar sem sýslunefndum var veitt vald til að gera samþykktir um „hindrun sandfoks og sandgræðslu“. En árið 1907 hófst skipuleg sandgræðslustarfsemi á vegum ríkisins með setningu laga nr. 54 22. nóv. þ. á., er gengu í gildi 1. jan. 1908. Samkvæmt þeim sömu lögum var skógræktarstjóra (en embætti hans var stofnað með þeim lögum) ætlað að „hafa á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til að varna sandfoki“.

Árið 1914 voru svo sett sérstök lög um sandgræðslu, nr. 20 2. nóv. þ. á., og Búnaðarfélagi Íslands þá falin „forstjórn“ sandgræðslustarfseminnar, og féllu þá niður afskipti skógræktarstjóra af henni. Í þessum lögum voru um það nokkuð ýtarleg ákvæði, hvernig að sandgræðslunni skyldi unnið, og um framlög til sandgræðslugirðinga úr ríkissjóði og sýslusjóðum. Næst voru sett lög um sandgræðslu árið 1923 (nr. 45 20. júní þ. á.). Er þar meðal annars svo fyrir mælt, að Búnaðarfélag Íslands skuli hafa í þjónustu sinni „sandgræðslumann skipaðan af landstjórninni með sérþekkingu á sandgræðslu“. Nú eru í gildi lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks, nr. 18 28. maí 1941. Þess má geta, að fyrrnefnd lög frá 1895 eru enn í gildi og sömuleiðis lög nr. 11 13. apríl 1894, þar sem sýslunefndum var veitt vald til að gera samþykktir um friðun á mel. Enn fremur eru í gildi sérstök lög frá 1928 varðandi sandgræðslu í Strandarlandi

Um leið og lögin frá 1907 voru sett, var tekið að veita fé úr ríkissjóði til sandgræðslustarfseminnar. En fjárveitingar þessar hafa verið sem hér segir á árunum 1907—1957:

Árið 1907	2000 kr.	Árið 1930	50000 kr.
— 1908	4000 —	— 1931	40000 —
— 1909	4000 —	— 1932	40000 —
— 1910	4000 —	— 1933	30000 —
— 1911	4000 —	— 1934	30000 —
— 1912	4000 —	— 1935	40000 —
— 1913	4000 —	— 1936	27000 —
— 1914	5000 —	— 1937	27000 —
— 1915	5000 —	— 1938	30000 —
— 1916	4000 —	— 1939	31000 —
— 1917	4000 —	— 1940	31000 —
— 1918	6000 —	— 1941	37000 —
— 1919	6000 —	— 1942	55000 —
— 1920	10000 —	— 1943	100000 —
— 1921	10000 —	— 1944	210000 —
— 1922	15000 —	— 1945	310000 —
— 1923	15000 —	— 1946	370000 —
— 1924	15000 —	— 1947	418000 —
— 1925	15000 —	— 1948	432000 —
— 1926	23000 —	— 1949	483000 —
— 1927	45000 —	— 1950	483000 —
— 1928	40000 —	— 1951	601075 —
— 1929	40000 —	— 1952	866127 —

Árið 1953	873036 kr.	Árið 1956	1552184 kr.
— 1954	1002272 —	— 1957	1789290 —
— 1955	1226808 —		

Þess má geta, að fjárveitingarnar eru hin fyrri ár tilgreindar samkvæmt fjárlögum, en hin síðari ár samkvæmt ríkisreikningi, eins og upphæðirnar bera með sér.

Nú eru í eign sandgræðslunnar 50 girt sandgræðslusvæði víðs vegar á landinu, hið fyrsta girt 1908 og hið síðasta 1956, samtals rúmlega 100 þús. hektarar eða ca. 1000 km² að flatarmáli. Auk þess eru sandgræðslulönd, sem einstaklingar ráða yfir, nokkuð á fimmta þúsund ha.

Í ritinu „Sandgræðslan“, sem fyrr var nefnt, er m. a. gerð tilraun til að áætla stærð þess lands utan girðinga í byggðum og óbyggðum, sem til greina komi að breyta úr auðn í gróðurlendi á vegum sandgræðslunnar. Samkv. þessari áætlun eru „sandar og melar auðveldir til græðslu“ samtals 3788 km² og „aðrar auðnir lægri en 400 m yfir sjávarmál“ samtals 3554 km². Á þessar tölur ber að vísu að líta með fullri varúð, en þó gefa þær nokkra hugmynd um hið gífurlega mikla verkefni, sem þarna er fyrir hendi, og þann árangur, sem af því mætti verða, ef einhvern tíma tækist að leysa það af hendi. Til samanburðar er athugandi, að öll tún á landinu eru nú samtals um 60 þús. ha. (600 km²) að flatarmáli.

Varðandi sandgræðslustarfsemina hér á landi undanfarna hálfu öld og þau verkefni, sem fram undan eru, skal hér sérstaklega bent á greinar þær, er nefndar verða hér á eftir í ritinu „Sandgræðslan“:

Gunnlaugur Kristmundsson: Upphaf skipulagsbundinnar sandgræðslu, bls. 187 o. áfr.

Runólfur Sveinsson og J. B. Campbell: Athugun á uppblæstri og høgum, bls. 250 o. áfr.

Páll Sveinsson: Sandgræðslumálin á líðandi stund, bls. 291. Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu, bls. 312.

Arnór Sigurjónsson: Það sem koma verður, bls. 325.

Björn Pálsson flugmaður: Flugvélin og sandgræðslan, bls. 340.

Nefndin hefur, eins og fyrir hana var lagt, endurskoðað gildandi lög um sandgræðslu og athugað möguleika á að auka sandgræðslustarfsemina. Hefur hún, meðan á endurskoðun stóð, m. a. rætt við stjórn Búnaðarfélags Íslands og við fjárveitinga-nefnd Alþingis, en eins og fyrr var sagt, áttu búnaðarmálastjóri og sandgræðslustjóri sæti í nefndinni. Hefur nefndin samið frumvarp til nýrra laga, er nefnist frumvarp til laga um „heftingu sandfoks og græðslu lands“, sem hún ætlast til að komi í stað gildandi laga um „sandgræðslu og heftingu sandfoks“, nr. 18 1941.

Frumvarp nefndarinnar skiptist í sjö kafla. Er fyrsti kafli um „markmið og stjórn sandgræðslu Íslands“, annar kafli um „heftingu sandfoks og græðslu lands“, þriðji kafli um „græðslu lands til beitar“, fjórði kafli um „athugun og eftirlit á afréttum“, fimmti kafli um „tilraunastarfsemi og rannsóknir“, sjötti kafli um „öflun fjár til sandgræðslu“, sjöundi kafli um „ýmís ákvæði“.

Um nýmæli er einkum að ræða III., IV., V. og VI. kafla, og bera heiti kaflanna með sér, hvers eðlis þau nýmæli eru.

Að öðru leyti vísast til skýringa við sérstakar greinar frumvarpsins.

Árni G. Eylands starfaði í nefndinni frá öndverðu og til loka janúarmánaðar, en þá fór hann af landi burt til lengri dvalar og gat því ekki tekið þátt í þeim nefndarstörfum, sem þá voru óunnin, og að sjálfsögðu ekki undirritað nefndaralit.

Hér fara á eftir athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Nýmæli í þessari grein eru þau, að hér er gert ráð fyrir að græða upp sanda, mela og aura í heimahögum og afréttum í þeim tilgangi að auka beitiland búfjárins, sem nú er í örri fjölgun, og um leið létta á því haglendi, sem fyrir er, sbr. III. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í fyrstu og allt til ársins 1914 var sandgræðslan tengd skógræktinni, en það samband þótti ekki gefast vel, og var því sandgræðslan með lögum nr. 20 2. nóv. 1914 falin Búnaðarfélagi Íslands. Með endurskoðun laganna 1941 er ákveðið, að landbúnaðarráðherra skipi sérstakan sandgræðslustjóra, en forstjórn sandgræðslumálanna er áfram falin Búnaðarfélagi Íslands. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir mjög auknu starfssviði sandgræðslunnar, svo að segja má, að vettvangur hennar nái yfir verulegan hluta af afréttar- og heimabeitilöndum landsmanna. Með ákvæðum laganna grípur sandgræðslan svo mjög inn á afkomumöguleika landbúnaðarins, að nú er enn brýnni þörf en áður á, að sandgræðslan ekki einungis njóti stuðnings og samstarfs Búnaðarfélags Íslands, heldur hafi það og ihlutun um yfirstjórn þessara mála.

Því aðeins er hægt að búast við fyllsta árangri, að sem flest þau öfl, sem vinna að uppbyggingu landbúnaðarins, séu samhæfð í fullkomnu samstarfi að framgangi þessara mála, ella mætti gera ráð fyrir, að undir ýmsum kringumstæðum gætu orðið árekstrar um framkvæmdir. Ekki þykir ástæða til að ákveða með lögum fjölda sandgræðsluvarða, heldur verði tala þeirra að miðast við þörfina á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Með sameinuðu átaki Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra var byggð reist í Gunnarsholti, og hafði sandgræðslustjóri þar aðsetur fyrir sumarstarfsemi sína.

Eftirmenn hans í starfi hafa haft þar fast aðsetur, og þykir því rétt að ákveða nú, að lögheimili sandgræðslunnar sé Gunnarsholt.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 5. gr.

Þar sem sandgræðslustjóri er settur við hlið búnaðarmálastjóra, sbr. 2. gr., þykir sjálfsagt, að hann hafi sömu laun (V. flokkur launalaga).

Rétt þykir, að skipaðir verði sandgræðsluverðir með meiri þekkingu og verkunnáttu en verið hefur, og þykir ekki líklegt, að slíkir menn verði fánlegir fyrir lægri laun en svarar til IX. fl. launalaga.

Um II. kafla.

Í 6.—15. gr. eru svo litlar breytingar frá gildandi lögum, að ekki þykir mikil ástæða til að geta nema fárra sérstaklega.

Þó má geta þess, að enn meiri áherzla er lögð á, að sandgræðslan geti afhent þau landsvæði, sem hafa verið að fullu uppgrædd, sbr. 10. og 11. gr.

Í þessu sambandi gildir einu, hvort landið hefur upphaflega verið í ábúð einstakra bænda eða sveitarfélaga.

Ef landið er eign ríkisins, skal það afhent hlutaðeigandi ábúendum þeirra jarða, sem það hefur áður tilheyrt, svo og notendum landsins í kaптúnunum og þorpum, enda er, sbr. 11. gr., sveitarfélögum gert skylt að taka við þeim landsvæðum, ef sandgræðslustjóri æskir þess. Þegar lönd eru afhent, er ekki ætlazt til, að sá, er við tekur, greiði græðslu þeirra eða girðingar, þótt slíkt væri réttmætt. Aðalatriðið er, að girðingum og öðrum mannvirkjum sé haldið við, svo að uppblástur endurtaki sig ekki.

Um III. kafla.

Með þessum kafla er sandgræðslunni falið nýtt og stórmerkilegt verkefni, enda er endurskoðun laganna sérstaklega gerð með tilliti til þess. Aðalverkefnið er að græða upp og auka gróður á víðlendum beitolöndum með nýjum aðferðum.

Um 16. gr.

Þar sem sjáanlegt er, að bændur stefna að mikilli fjölgun búfjár, er sýnilega mundi ofbjóða beitarþoli landsins, þá er knýjandi þörf á að auka stærð og gæði þess svo sem mest má verða, en til þess er nauðsynlegt að hafa ráð á miklu fjármagni.

Í þessu sambandi má benda á, að fyrirhugað er að nota flugvél til dreifingar fræi og áburði að reynslu erlendra þjóða.

Um 17. gr.

Þar sem hér er um geysiviðfeðmt verkefni að ræða, verður ekki hjá því komizt að gera rækilega skipulags- og framkvæmdaáætlun, er nái yfir nokkurt árabil.

Hér er gert ráð fyrir 10 ára áætlun, þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir, að fullnægjandi reynsla fáist á skemmri tíma.

Um 18. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru þau nýmæli, að gert er ráð fyrir græðslu lands með áburði einum og án friðunar. Þessi aðferð er í notkun erlendis og hefur lítils háttar verið reynd hér með árangri.

Um 20. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um IV. kafla.

Aðalinnihald þessa kafla er um verndun landgæða, og nær það bæði til þess lands, sem sandgræðslan hefur þegar tekið til græðslu á einn eða annan hátt, og þess beittlands, sem ástæða er til að ætla að geti verið í hættu vegna ofbeitar eða af öðrum ástæðum.

Þykir sjálfsagt, að sandgræðslan hafi mjög ákveðið og sterkt ihlutunarvald yfir þeim löndum, sem eru undir hennar umsjá hverju sinni, svo að sú landgræðsla, sem verið er að vinna að á hverjum stað, beri sem fyllstan árangur.

Um 21.—22. gr.

Í þessum greinum er það nýmæli, að héraðsráðunautum er ætlað að fylgjast með fjölda búfjár á afréttarlöndum svo og vænleika þess og afurðum. Þetta er nauðsynlegt, því að sýni það sig skyndilega, að vænleiki og afurðir búpenings á afréttarlöndum fari rýrnandi, án þess að hægt sé að sjá, að gróðri hnigni, ætti það að gefa vísbendingu um þörf fyrir athugun og aðgerðir í málinu.

Um 23.—24. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Nauðsynlegt er að gefa sandgræðslustjóra mjög sterkt ihlutunarvald um ítölu í löndum þeim, sem sandgræðslan er með framkvæmdir á, skv. III. kafla laga þessara, og þyrftu lögin um ítölu að endurskoðast í því tilliti.

Um V. kafla.

Kafli þessi er nýmæli og fjallar um athuganir og tilraunir í þágu sandgræðslunnar.

Um 25. gr.

Rétt þykir að samræma allar tilraunir og athuganir í jarðrækt, og því heyrir þessi tilraunastarfssemi undir tilraunaráð jarðræktar.

Rétt þykir að ákveða með lögum þessum, að sandgræðslustjóri eigi sæti í tilraunaráði jarðræktar og að ákvæði um það verði fellt inn í tilraunalögin, sem nú eru í endurskoðun.

Um 26. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 27. gr.

Þó að græðsla landsins sé mál allrar þjóðarinnar, nýtur bændastéttin af henni sérstakra hagsmuna. Því þykir rétt, að bændastéttin hafi einnig sérstakt framlag að þjóða, og fer vel á, að það sé í sem réttustu hlutfalli við not hvers bónda af lögunum. Við það er miðuð tillaga greinar þessarar um 1 kr. gjald af hverri fódraðri sauðkind og 10 kr. gjald af hverjum stórgrip. Eftir síðustu talningu búfjár (áramót 1956—57) nemur þetta gjald

706.3	þús. kr. af sauðfé
475.1	— — — nautgripum
og 339.3	— — — hrossum
<u>1520.7</u>	þús. kr.

Um 28. gr.

Undanfarin ár hefur verið lagt sérstakt gjald á sumar tegundir vindlinga og því varið til skógræktar (landgræðslusjóðs). Þetta gjald hefur þótt fyrirhafnarsamt um innheimtu, en síðustu ár hefur skógræktin haft af því um 1200 þús. kr. tekjur á ári. Hér er lagt til, að lagt sé fast hundradsgjald á útsöluverð allrar tóbaksvöru og skiptist gjaldið síðan að jöfnu milli sandgræðslunnar og skógræktarinnar. Gjald þetta mundi nema að óbreyttum aðstæðum um 3 millj. kr. á ári, og kæmi um 1.5 millj. kr. í hlut sandgræðslunnar og jafnmikið, eða 1.5 millj. kr., í hluta skógræktarinnar.

Um 29. gr.

Undanfarin ár hefur allt innflutt kjarnfóður verið undanþegið bæði verðtolti, sem samkvæmt tollskrá er 8% af cif-verði, og yfirfærslugjaldi, sem er 16%. Árið 1956 námu þessar ívilnanir alls rúmlega 7.8 millj. kr., og var þar af eftirgjöf á verðtolti 2.6 millj. kr., en á yfirfærslugjaldi 5.2 millj. kr. Á þetta var litið sem fríðindi fyrir landbúnaðinn, og hefur svo verið fram að þessu fyrir hvern einstakan bónda. Þessi fríðindi hafa leitt til mjög aukinnar kjarnfóðurnotkunar, en aukin kjarnfóðurnotkun aðallega til aukinnar mjólkurframleiðslu. Nú er svo komið, að mjólkurframleiðslan er meiri orðin en þjóðin þarfnast til eigin neyzlu, en verð það, er fæst fyrir útfluttar mjólkurafurðir, mjög lágt, svo lágt, að ekki fæst nema 30—50 aurar fyrir hvern lítra af mjólk, sem varið er til framleiðslu á útfluttum mjólkurafurðum, og hlýtur því þessi mikla kjarnfóðurnotkun að leiða til annars tveggja, geysimikilla verðuppbóta úr útflutningssjóði á útfluttar mjólkurafurðir eða mikillar verðlækkunar á mjólk til framleiðenda. Hins vegar er hér um að ræða fríðindi, sem landbúnaðinum hafa þegar verið veitt, og sýnist ekki rétt að taka þau af honum, nema honum sé veitt annað í staðinn, en það mætti þá ekki vera með þeim hætti, að það leiddi framleiðsluna afvega og hefði í för með sér bein útgjöld fyrir hið opinbera auk tekjumissisins vegna fríðindanna. Með því að innheimta tollinn og útflytningssjóðinn og varið síðan til hagsbóta og verðuppbóta á þær útflutningsvörur landbúnaðarins, sem hagstæðast yrði að flytja út, yrði, svo sem kostur er, sneitt hjá þessu hvoru tveggja. Unnt yrði vegna rýmri haga að auka þá útflutningsframleiðsluna, sem hagstæðust er til útflutnings, og tryggja það jafnframt, að hún yrði sem arðgæfust bæði með rýmindum í högum og tryggingu verðs hennar.

Hér er lagt til, að aðeins hálfu yfirfærslugjaldinu sé varið til hagabóta (þ. e. sandgræðslu til beitarafnota), en ætlazt er til, að hálfu yfirfærslugjaldinu og verðtollinum sé varið til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur.

Um 30.—33. gr.

Durfa ekki skýringa.

B. Kristjánsson.

Arnór Sigurjónsson,
með fyrirvara um 2. gr. frv.

Steingr. Steinþórsson,
með fyrirvara um 29. gr. frv.

Páll Sveinsson.

Fylgiskjal II.

Greinargerð og tillögur búnaðarþings um frumvarpið.

Frumvarp til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Lagt fyrir af landbúnaðarráðherra.

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 19 shlj. atkv.:

Búnaðarþing ályktar að mæla með frumvarpi til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands, er samið var af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði að tilhlutan Alþingis. Eftirfarandi breytingar vill búnaðarþing þó gera á frumvarpinu:

Við 9. gr.:

Aftan við fyrstu málsgrein bætist: „... að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Nú er skóglendi eða skjólbelti innan sandgræðslugirðingar, og skal þá girðing fullnægja ákvæðum 16. gr. laga um skógrækt.“

15. gr. orðist svo:

„Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem er girt fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður taka fénaðinn í gæzlu og tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eigi fénaðinn. Hreppstjóri skal tilkynna eigendum eða umráðamönnum fénaðarins, að þeir verði að hirða hann innan ákveðins tíma. Sé fénaðurinn ekki hirtur, skal hreppstjóri ákveða, hvar skepnunum skuli sleppt, en umráðendur þeirra skulu borga hreppstjóra áfallinn kostnað. Komist sömu skepnur inn á sama svæði, án þess að snjóalögum verði um kennt, skal sandgræðsluvörður afhenda hreppstjóra fénaðinn, en hreppstjóri sér til þess, að umráðamaður fénaðarins taki skepnurnar í örugga gæzlu í girðingu, er hreppstjóri tekur gilda. Sleppi fénaðurinn úr þeirri vörzlu og komist enn inn á sama svæði, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, svo sem unnt er. Sandgræðsla Íslands greiði síðan það, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati úttektarmanna.“

Við 16. gr.:

Upphaf greinarinnar orðist svo: „Auk fjár þess, sem veitt er árlega á fjárlögum ...“ o. s. frv.

20. gr. orðist svo:

„Bændur, félag bænda, hreppsfélög eða sýslufélög geta efnt til landgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum, og skal landið vera í umsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Sandgræðslustjóri og landeigendur eða umráðendur lands skulu gera með sér samning, þar sem greint er um afnot landsins og um hversu kostnaður við landgræðsluna skiptist. Aldrei skal þó landeigandi greiða minna en einn þriðja hluta kostnaðar og eigi meira en tvo þriðju hluta.

Heimilt er hreppsfélagi eða sýslufélagi að innheimta gjald af eigendum búpenings í hreppnum eða sýslunni eftir fénaðareign þeirra og eftir þeim reglum, er þau setja og ráðherra staðfestir. Skal gjaldi þessu varið til að greiða, að meira eða minna leyti, þann hluta kostnaðar, er hrepps- eða sýslufélagi ber að greiða.“

27. gr. falli niður.

28. gr. verði 27. gr. og orðist svo:

„Af öllum tóbaksvörum, sem inn eru fluttar, skal leggja 1½% gjald af útsöluverði vörunnar, er renni til Sandgræðslu Íslands. Skal Tóbakseinkasalan standa skil á þessu gjaldi.“

29. gr. falli niður.

30. gr. verði 28. gr., og í stað orðanna:

„... ákvæðum 27., 28. og 29. gr.“ komi: ... 27. grein.

32. gr. verði 30. gr., og upphaf greinarinnar orðist þannig: Landbúnaðarráðuneytið skal með reglugerð setja ... o. s. frv.

Greinargerð:

Í frumvarpi þessu, sem hér fer á eftir, er gert ráð fyrir stórauknum verkefnum sandgræðslunnar við græðslu lands til beitar í viðbót við fyrri starfsemi hennar til varnar eyðingu lands og uppgræðslu foksvæða. Til að valda hinu aukna starfi eru einnig ráðgerð mjög aukin fjárráð sandgræðslunnar, bæði úr ríkissjóði og eftir öðrum leiðum. Mun láta nærri, að starfsfé yrði, að frumvarpinu óbreyttu, um 10.5 millj. kr. á ári, þar af frá bændastéttinni sér í lagi fullar 4 millj. kr. sem gjöld af búfé og af innfluttu fóðri.

Nefndin getur ekki fallizt á, að réttmætt sé að ætla bændastéttinni í heild að bera sandgræðsluna uppi að svo stórum hluta, þar sem ætla má, að gagnið af starfinu falli mjög misjafnt í hlut bænda. Ef til þess kæmi að skattleggja bústofn í þessu skyni, telur nefndin, að um leið hlytu bændur að krefjast þess, að nánar yrði kveðið á um, hvar fénu væri varið til framkvæmda.

Nefndin telur, að landgræðslan, samkvæmt skipulögðum áætlunum um allt að 10 ára tímabil, sé svipað og sandgræðslan alþjóðarmál, sem þegnarnir verði að kosta sameiginlega. Hins vegar telur nefndin, að réttmætt geti verið að gera miklar kröfur um kostnaðarþátttöku þeirra bænda eða sveitarfélaga, sem óska aðstoðar landgræðslunnar við ræktun bithaga í heimalöndum eða á afréttum. Með þessi sjónarmið í huga leggur nefndin til, að 20. gr. verði breytt þannig, að hún feli í sér breytilega þátttöku bænda í kostnaði við græðslu lands.

Fyrir öðrum veigaminni breytingartillögum nefndarinnar verður gerð grein í framsögu.

Fylgiskjal III.

Sandgræðslugirðingar.

1. Reykir á Skeiðum er fyrsta girðing, sem girt var. Þar voru hlaðnir skjólgarðar úr grjóti og melfræi sáð fyrstu árin. Girðingunni er enn þá haldið við og er að mestu algróin melgróðri og vinglum, auk þess sem bændur þar hafa breytt hluta af henni í tún.

2. Girðing milli Rangár — Þjórsár. Efri hluti þessarar girðingar er algróinn melgróðri, auk þess sem vinglar og sveifgrös hafa sótt á melgróðurinn. Suðurhlutinn er að sjálfsgöðu ber sandur, eins og alls staðar meðfram ströndinni, en melgróðurinn ver hið gróna land, þótt sandur sé þar oft á hreyfingu frá fjörunni.

3. Kaldaðarnes, Árnessýslu. Var að mestu leyti gróið með melgróðri, þegar enski herinn hóf þar flugvallargerð og umturnaði öllu, en nú hefur girðingin verið endurbætt og sáð í hana melgróðri, auk þess sem bóndinn í Kaldaðarnesi er að rækta þar tún.

4. Eyrarbakki, Óseyrarnes. Þar voru grjótgarðar hlaðnir og melgrasfræi sáð og geysimikill sjóvarnargarður byggður að vestan og norðvestan. Nú er svo komið, að s. l. 20 ár hafa Eyrbekkingar ræktað mest af sínum kartöflum í girðingunni, auk þess sem slægjulönd eru þar góð. Vingullinn (túnvingull) hefur komið af sjálfu sér þar, eins og alls staðar í hinum eldri girðingum.

5. Bolungavík. Að fullu gróin, að mestu leyti melgróin. Þar hefur fiskúrgangur verið notaður sem áburður.

6. Kaldárholt, Akbraut, Rang. Melfræi sáð, að mestu án skjólgarða. Er nú að mestu algróin.

7. Landsveit, Rang. Girt í tvennu lagi. Þar voru hlaðnir grjótgarðar í mörg ár og melfræi sáð, auk þess sem hin seinni ár hefur verið sáð sandfaxi og vingulfræi, sem hefur reynzt mjög vel. Girðingin er í heild mikið gróin, aðeins moldarflesjur að mestu ógrónar, en túnvingullinn er óðum að breiðast út um þær. Í Landsveit (girðingunni) hafa verið góð slægjulönd í fjölda ára.

8. Bolholt, Rang. Melfræi sáð. Þar eru mjög háir melhólar með berum eyðum á milli. Þar þyrfti að jafna hólunum út og sá í sandfaxi og vingulfræi.

9. Galtalækur, Landsveit. Hlaðnir grjótgarðar, sáð með fræi. Er að mestu gróin.

10. Gunnarsholt, Rang. Þar hefur, sem kunnugt er, verið mest unnið að sandgræðslu, þar til hin síðari ár, að önnur uppblásturssvæði hafa verið látin sitja fyrir, þar sem sandfok er nú ekki til skaða í Gunnarsholtsgirðingu. Mikið af grjót- og timburgörðum settir upp og melfræi sáð í belti, þar til hin seinni ár, að ýmsar grastegundir hafa verið notaðar til sáningar, ýmist í blöndu eða einar sér, svo sem túnvingull, sandfax o. fl. Sem kunnugt er, hefur sú ræktun gengið afbragðsvel. Girðingin eða öll sú eldri er að mestu gróin, svo að nú seinustu árin hefur hún í heild verið notuð sem haglendi fyrir geldneyti og afgirt algróin svæði fyrir sauðfé.

11. Keldur, Rang. Melfræi sáð án skjólgarða. Er nú algróin.

12. Hemla, Austur-Landeyjum, Rang. Melfræi sáð. Er nú öll algróin að undanskildum ræmum meðfram Þverá.

13. Hnausar, Meðallandi. Melfræi sáð, hlaðnir garðar. Er algróin fjölbreyttum gróðri.

14. Visast til nr. 2.

15. Kambsskeið, Holtum. Hlaðnir garðar, melfræi sáð. Er að mestu gróin, nema hvað moldarflesjur eru ógrónar hér og þar.

16. Strönd í Selvogi. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er nú hið bezta slægjuland.

17. Bjarnarstaðir og Mýri í Bárðardal. Melfræi sáð. Að mestu algróin land (slægjulönd).

18. Norður- og suðurgirðing, N.-Þing. Melfræi sáð. Eru að mestu grónar, einkum suðurgirðing. Þar vex nú mannhæðarhár gulvíðir.

19. Sauðlauksdalur, Barðastr. Túnið er varið fyrir sandfoki. Girðingin stækkuð 1946. Melfræi sáð og hefur þrifizt mjög vel meðfram sjó, en lakar uppi í landinu sökum bleytu. Verður reynt að hækka landið með skjólgörðum úr timbri og melfræi sáð í upphækkanirnar.

20. Vík, Mýrdal. Sjóvarnargarður byggður, skjólgarðar gerðir og melfræi sáð, þar til fyrir fimm árum, að melurinn var sléttaður og sandfaxi og vingli sáð, og er nú eitt hið bezta tún, sem Víkurbúar rækta og nytja.

21. Kópasker, N.-Þing. Melfræi sáð. Er nú algróin, og þar rísa nú hallir, þar sem sandskaflarnir voru á hreyfingu áður fyrr.

22. Nes, Þorlákshöfn o. fl. Melfræi sáð. Melurinn hefur þrifizt heldur illa, þó

bezt upp af Þorlákshöfn. Í girðingunni er enn allmikið sandfok, einkum austur frá Leirunni austan Þorlákshafnar. Nú er verið að koma þar fyrir skjólgörðum úr timbri, síðan verður melfræi sáð. Sandurinn er mjög ófrjór, auk þess sem berar hraunklappir standa upp úr hér og þar, sem gerir sáningu mjög erfiða og nær óframkvæmanlega nema með mjög miklum kostnaði.

23. Kirkjubæjarklaustur. Melfræi sáð, Þreifst illa. Sandfaxi og vingulfræi sáð hin seinni ár með góðum árangri.

24. Hvoll í Mýrdal. Þar var girt í sjó fram á tveim stöðum, sem reyndist ónot hæft. Nú er búið að girða svæðið að nýju í Dyrhólaey.

25. Árnes, Kelduhverfi. Melfræi sáð. Er að mestu leyti gróin fjölbreyttum gróðri.

26. Hólabæir, V.-Landeyjum. Melfræi sáð. Að mestu leyti gróin. Búið að færa inn kantinn á girðingunni.

27. Hafnahreppur, Gullbr. Sjálfgræðsla með melgróðri, vingull o. fl. Ameríski herinn skemmdi girðingu og land. Hefur nú verið endurbætt. Þar þarf ekki að gera annað en að bera á til að fá samfelldan gróður.

28. Öndunarstaðir, A.-Landeyjum. Meðan jörðin var í byggð, var túnið varið fyrir sandfoki með melfræsáningu meðfram því. Girðingin hefur verið tekin upp, þar sem Öndunarstaðirnir féllu inni í girðinguna 1955.

29. Sandgerði. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er að mestu gróin, aðallega melgróðri.

30. Dimmuborgir. Hlaðnir garðar, melfræi sáð þrjú fyrstu árin, eftir að girt var. Melgróðurinn hefur ekki aðeins heft sandfokið, heldur breiðt út um svæðið af sjálfsdáðum.

31. Ássandur, Kelduhverfi. Melfræi sáð án skjólgarða og hefur þrífzt mjög vel, auk þess hefur sandfax reynzt þar sémilega. -- Þar er nú ekki lengur neitt sandfok, en víðáttumikil svæði gróðurlítill og gróðurlaus.

32. Suðurhagar, Álftaveri. Hlaðnir grjótgardar. Melfræi, sandfaxi og vingulfræi sáð. Girðingin er nú mestu gróin.

33. Leiðvöllur, Meðallandi. Melfræi sáð fyrstu tvö árin, þar sem svæðið var að mestu leyti auðn, en þó var landið að byrja að fjúka, sem hafði það í för með sér, að hvergi hefur melurinn breiðt út eins hratt, með jafnmikilli grósku eins og þar. Á Leiðvelli væri hægt að reisa að nýju myndarlegt býli eftir tólf til þrettán ára starf.

34. Hólssandsgirðing, S.-Þing. Þar hefur ekkert verið gert nema girða. Þyrfti að bera á vingulgróðurinn, sem er þar allsráðandi.

35. Berjanesgirðing. Sjálfgræðsla, gengur vel.

36. Suðurhagar, Álftaveri. Vísast til eldri girðingar þar í sveit.

37. Meðallandsgirðing. Engu verið sáð, en sjálfgræðslan mun verða þar örugg, ef borinn yrði á tilbúinn áburður eitt til tvö ár.

38. Aðaldalsgirðing, stækkun Ássandsgirðingar, Breiðuvíkurgirðing og Kollsvíkurgirðing. Melfræi hefur verið sáð í allar þessar girðingar, og mun því verða haldið áfram á næstu árum.

39. Hólssandur og Landeyjasandur. Þetta eru aðal- og erfiðustu uppblásturs-svæðin auk Þorlákshafnar, sem þegar hefur verið unnið mikið í, aðallega með uppsetningu skjólgarða úr timbri. Melfræi hefur þegar verið sáð meðfram sumum gördunum, og mun verða sáð í þessi svæði á næstu árum í mörg hundruð hektara.

40. Á liðnu sumri voru girt ýmis smærri svæði, svo sem Randir í Mývatnssveit, Dyrhólasandur í Mýrdal, sem grasfræi, s. s. sandfaxi og vingulfræi, verður sáð í og gert að túni. Þá verður á þessu sumri girt svæði, svo sem Sigríðarsandur í V.-Hún., Steinsmýrarsandur, V.-Skaft., Vík í Mýrdal o. fl.

Samtals eru girðingar sandgræðslunnar 629 km á lengd, sem umgirða 100000 ha.

Eins og þetta yfirlit ber með sér, þá er mikið af eldri girðingum algróið, og er það verkefni út af fyrir sig að ákveða, á hvern hátt þetta land verður bezt nytjað.

Fylgiskjal IV.

Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu.

1. Reykir á Skeiðum. Hið fyrsta foksvæði, sem Sandgræðsla Íslands girti og tók til græðslu, er í landi Reykja á Skeiðum í Árnessýslu. Af uppblæstri þar stafaði þó bráð hætta, er vofði yfir hinni grösugu sveit og jafnvel yfir hluta af Flóanum líka.

Þar var girt 1908—09 9880 m löng girðing um 265 ha. lands. Skjólgarðar voru hlaðnir úr grjóti og melfræi sáð fyrstu árin. Foksvæðið er nú að mestu algróið mel og vinglum, auk þess hafa bændur á Reykjum, en þar er nú fjórbýli, ræktað víðlend tún innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem áður var blásið land, en eigi örfoka.

Í sandgræðslugirðingunni á Reykjum voru á fyrri árum sandgræðslunnar gerðar ýmsar tilraunir og athuganir varðandi sandgræðslu.

2. Þykkvibær. Árið 1909 var lögð girðing milli Hólsár að austan og vestur í Þjórsá, sunnan byggðar í Þykkvabæ og Háfshverfi, girðingin var aukin 1928, alls 2160 ha., lengd 9030.

Efri hluti þessarar girðingar er algróinn melgróðri, auk þess sem vinglar og sveifgrös hafa sótt á melgróðurinn. Suðurhlutinn er ber sandur, eins og alls staðar meðfram ströndinni, en melgróðurinn ver hið gróna land, þótt sandur sé þar oft á hreyfingu frá fjörunni.

3. Kaldaðarnes í Árnessýslu. Foksvæði meðfram Ölfusá, girt 1910, 3000 m, 24 ha. Svæðið var að mestu leyti gróið með melgróðri, þegar enski herinn hóf þar flugvallargerð á stríðsárunum og umturnaði öllu, en nú hefur girðingin verið endurbætt og sáð í hana melgróðri, auk þess sem bóndinn í Kaldaðarnesi er að rækta þar tún.

4. Eyrarbakki — Óseyrarnes. Foksvæði við sjó, vestan þorpsins á Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá, girt 1911, en girðingin stækkuð 1922.

Þar voru grjótgarðar hlaðnir og fræi sáð og geysimikill sjóvarnargarður byggður að vestan og norðvestan. Nú er svo komið, að s. l. 20 ár hafa Eyrbekkingar ræktað mest af sínum kartöflum innan girðingarinnar, auk þess sem slægjulönd eru þar góð. Vingullinn (túnvingull) hefur komið af sjálfu sér þar, eins og alls staðar í hinum eldri girðingum.

5. Bolungavík. Sandsvæði við sjó norðan og austan við þorpið í Bolungavík. Girt 1914 6925 m, 145.5 ha.

Foksvæðið er nú að fullu gróið, að mestu leyti melgróður. Þar hefur fiskúrgangur verið notaður til áburðar.

6. Kaldárholt, Akbraut. Í Holtahreppi í Árnessýslu. Foksvæði við Þjórsá. Sá hluti svæðisins, sem er í landi Kaldárhólts, girtur 1914, en land Akbrautar, sem er eyðibýli, 1931. Girðingin 6130 m, 293.9 ha.

Melfræi sáð, að litlu leyti við skjólgarða. Landið er nú algróið að mestu.

7. Landsveit. Hin miklu foksvæði í Landsveit í Rangárvallasýslu voru girt í tvennu lagi. Árið 1922 var suðurhlutinn girtur, en norðurhlutinn 1941. Er hér um að ræða mikinn hluta sveitarinnar milli Þjórsár og Ytri-Rangár, þar sem lá við algerðri auðn, áður en hafizt var handa um friðun og sandgræðslu. Lengd girðinga er 67200 m, 8142.2 ha. Þar voru hlaðnir grjótgarðar í mörg ár og melfræi sáð, auk þess sem hin seinni ár hefur verið sáð sandfaxi og vingulfræi, sem hefur reynzt mjög vel. Landið innan girðinga er í heild mikið gróið, aðeins moldarflesjur, að mestu ógrónar, en túnvingullinn er óðum að breiðast út um þær. Innan girðinga í Landsveit hafa verið góð slægjulönd í fjölda ára.

8. Bolholt í Rangárvallahreppi. Býlið fór að fullu í eyði 1949. Girt 1925, 1475 m, 95 ha., en er nú orðinn hluti af Gunnarsholtssvæðinu innan girðinga þeirra, sem taldar eru undir tölu 10.

Innan Bolholtsgirðingarinnar var sáð melfræi. Þar eru mjög háir melhólar með berum eyðum á milli. Þyrfti að jafna hólunum út og sá í sandfaxi og vingulfræi.

9. Galtalækur í Landsveit. Sérstök girðing lögð 1925 og stækkuð 1934 um sérstakt foksvæði án samhengis við hin miklu foksvæði í Landsveit, tölulíður 7.

Landið var afhent eiganda jarðarinnar, eftir að unnið hafði verið þar að græðslu fram um 1940. Árið 1956 tók sandgræðslan landið aftur í sína vörzlu, þar eð fokhætta virtist vofa yfir að nýju vegna lélegrar vörzlu og ofbeitar.

Lengd girðingar er 5885 m, landstærð 90 ha.

10. Gunnarsholt. Hið forna býli, Gunnarsholt á Rangárvöllum, fór að fullu í eyði 1925, eftir að hús og tún hafði verið flutt um set tvívegis. Á árunum 1928—29 byggir sandgræðslan aftur upp á jörðinni og hefur þar búskap, en fyrsta sandgræðslugirðingin um land á þessu svæði er lögð 1926. Girðingar voru færðar út og ný svæði tekin til vörzlu 1938 og 1945. Alls lykja nú hinar svonefndu Gunnarsholtsgirðingar um 11378.2 ha. lands og eru að lengd 68100 m. Auk heimalands Gunnarsholts er hér um að ræða fleiri eyðingar og hluta af löndum margra jarða á Rangárvöllum ofanverðum, sem eru í byggð.

Á Gunnarsholtssvæðinu hefur, sem kunnugt er, verið mest unnið að sandgræðslu á landi hér, þar til hin síðari ár, að önnur uppblásturssvæði hafa verið látin sitja fyrir, þar sem sandfok er nú ekki til skaða í Gunnarsholtsgirðingu. Mikið af grjót- og timburgörðum settir upp og melfræi sáð í belti, þar til hin seinni ár, að ýmsar grastegundir hafa verið notaðar til sáningar ýmist í blöndur eða einar sér, svo sem túnvíngull, sandfax o. fl. Hefur sú ræktun gengið afbragðs vel.

Mjög mikið land innan Gunnarsholtsgirðinga er nú fullgróið, sérstaklega þar sem friðunarinnar hefur gætt lengst, og tún ræktuð til slæгна eru um 260 ha. Hin síðustu ár hefur árlega verið horið á um 350 ha. Hið gróna land utan túns er víst mest notað til beitar fyrir nautpening (í haust verða settir á um 250 gripir), en auk þess er um 300 fjár beitt á sérstaklega afgirt svæði, sem eru algróin.

11. Keldur á Rangárvöllum. Á Keldum er fyrst af öllum stöðum á Suðurlandi hafin merkileg viðleitni að verjast uppblæstri og sandfoki, áður en Sandgræðsla Íslands hóf starf sitt, en norðan Keldna eru óvarin afar víðlend foksvæði í Hekluhraunum, sums staðar örfoka, sums staðar nokkuð gróin á ný, en þó háð hættu af foki.

Árið 1926 var girt 5180 m girðing um 107.5 ha. af heimahögum og hluti af túni á Keldum. Hefur með því tekizt að verja höfuðból þetta frá fullri eyðingu. Melfræi var sáð, rof og börð jöfnuð. Landið innan girðingar er nú algróið. Mikil hætta vofir enn yfir norðurhluta Keldnaland, aukist þar beit án vörzlu.

12. Hemla o. fl. í Austur-Landeyjum. Foksvæði við Þverá norðan og austan Hemlu, en fleiri jarðir eiga þar land. Girt 1927 12905 m, 1094 ha. Melfræi sáð. Er nú öll algróin að undanskildum ræmum meðfram Þverá.

13. Hnausar í Meðallandi. Foksvæði í landi þeirrar jarðar girt 1927, 3365 m, 113.2 ha. Melfræi sáð, hlaðnir garðar. Er algróin fjölbreyttum gróðri.

14. Kambsskeið í Holtum. Moldarfoksvæði í landi Hvamms og nærliggjandi jarða í Holtum. Girt 1928, 7160 m, 176.7 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð. Er að mestu gróin, nema hvað moldarflesjur eru ógrónar hér og þar.

15. Strönd í Selvogi. Foksvæði umhverfis Strandarkirkju í Selvogi. Ágangur af sjávarsandi og landbrot af brimi. Framkvæmdir hafnar 1928 samkvæmt sérstakri löggjöf (lög nr. 50 7. maí 1928). Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er nú hið bezta slægjuland.

16. Bjarnarstaðir í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1550 m, 13.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu algróið, ágætt slægjuland.

17. Mýri í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1510 m, 15 ha. Melfræi sáð. Algróið og gott slægjuland.

18. Axarfjörður (norðurgirðing). Norðvestan við Skóga í Öxarfjarðarhreppi,

sandsvæði við sjó. Girt 1929, 9200 m, 821 ha. Melfræi sáð. Landið gróið að mestu nema næst sjónum.

19. Sauðlauksdalur. Skeljasandfok frá sjó, svo sem kunnugt er og frægt frá tíð séra Björns Halldórssonar. Fyrst girt 1929, 2130 m, 55 ha., til þess að verja tún staðarins. Önnur girðing 1942, 14 km, um 1800 ha. Túnið er varið fyrir sandfoki. Melfræi sáð og hefur þrifizt vel meðfram sjó, en lakar uppi í landinu sökum bleytu. Verður reynt að hækka landið með skjólgörðum úr timbri og melfræi sáð í upp-hækkanirnar.

20. Axarfjörður (syðri girðing). Foksvæði austan og sunnan við Ærlækjarsel í Axarfirði. Girt 1931, 13513 m, 1121 ha. Melfræi sáð. Landið að mestu fullgróið. Þar vex nú mannhæðarhár gulviðir.

21. Vík í Mýrdal. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið, svo að sandskaflar hlóðust að húsum.

Girt 1933, girðing færð út 1945, alls 2550 m, 16.7 ha.

Sjóvarnargarður byggður, skjólgarðar gerðir og melfræi sáð, þar til fyrir fimm árum, að melurinn var sléttaður og sandfaxi og vingli sáð, og er nú eitt hið bezta tún, sem Víkurbúar rækta og nytja.

22. Kópasker. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið. Girt 1934, 1339 m, 16 ha. Melfræi sáð. Er nú algróið, og risa nú reisuleg hús innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem sandskaflarnir voru á hreyfingu áður fyrr.

23. Kirkjubæjarklaustur. Uppblástur við túnið meðfram Skaftá og heimreið á staðinn. Girt 1934, 2855 m, 44.4 ha. Melfræi sáð, þreifst illa. Sandfaxi og vingli sáð hin seinni ár með góðum árangri, og er nú verið að breyta landinu í tún.

24. Þorlákshöfn og Nes. Uppblásturssvæði meðfram sjó og allt norður til Selvogshéiðar frá Ölfusá að austan og að byggð í Selvogi að vestan.

Girt 1935, 21840 m, 7797.8 ha. Melfræi sáð. Melurinn hefur þrifizt heldur illa, þó bezt upp af Þorlákshöfn. Í girðingunni er enn allmikið sandfok, einkum austur frá Leirunni austan Þorlákshafnar. Nú er verið að koma þar fyrir skjólgörðum úr timbri, síðan verður melfræi sáð. Sandurinn er mjög ófrjór, auk þess sem berar hraunklappir standa upp úr hér og þar, sem gerir sáningu mjög erfiða og nær óframkvæmanlega nema með mjög miklum kostnaði. Athafnalíf í Þorlákshöfn, svo sem fiskverkun, lítt hugsanleg, nema takist að hefta sandfokið.

25. Hvoll í Mýrdal í Dyrhólahreppi. Foksvæði meðfram sjó, sandur gekk á túnin. Girt 1935, 3190 m, 125.7 ha. í sjó fram, en kom ekki að notum.

Árið 1956 var girðingunni breytt og hún stækkuð, girt úr Klifanda að vestan í Dyrhólaey.

26. Arnanes í Kelduhverfi. Foksvæði við sjó. Girt 1935, 3355 m, 524.4 ha. Melfræi sáð. Er að mestu gróin fjölbreyttum gróðri.

27. Hólabæir, Vestur-Landeyjum. Upphaflega uppblástur frá Þverá. Girt 1938, 7200 m, 348.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu leyti gróin. Búið að taka nær $\frac{1}{4}$ af landinu úr vörzlu og breyta girðingu í samræmi við það.

28. Hafnahreppur, Gullbringusýslu. Sandsvæði meðfram sjó, á svæðinu frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Girt 1938, 19950 m, 5963 ha. Sjálfræðsla með melgróðri, vingli o. fl. grastegundum. Ameríski herinn skemmdi girðingu og land. Hefur nú verið endurbætt. Þar þarf ekki að gera annað en að bera á til að fá samfelldan gróður.

29. Önundarstaðir í Austur-Landeyjum. Sandur frá sjó. Girt 1939, 5602 m, 56 ha. Jörðin var þá í byggð, og var túnið varið með þriðri eða melfræi næst þriðri. Síðar lagðist jörðin í eyði, og var girðingin þá tekin upp, þar er landið er innan Landeyja-girðingar, sem lögð var 1955 (sjá tölulið 44).

30. Sandgerði í Gullbringusýslu. Foksvæði við sjó, og gekk sandur á þorpið. Girt 1941, 3188 m, 31.3 ha. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er að mestu gróið, aðallega melgróðri.

31. Dimmuborgir í Mývatnssveit. Foksvæði í hrauni. Girt 1942, 8016 m, 422 ha.

Hlaðnir garðar, melfræi sáð þrjú fyrstu árin, eftir að girt var. Melgróðurinn hefur ekki aðeins heft sandfokið, heldur breiðt út um svæðið af sjálfsdádum.

32. Ássandur, Kelduhverfi. Foksvæði vestan Jökulsár, þar sem eitt sinn voru hinar frægu Ásengjar. Girt 1942, 16750 m, 6000 ha. Melfræi sáð án skjólgarða, og hefur þrífist mjög vel, auk þess hefur sandfax reynzt þar sæmilega. Þar er nú ekki lengur neitt sandfok, en víðáttumikil svæði gróðurlítill og gróðurlaus.

33. Suðurhagar í Álftaveri. Uppblástur frá Mýrdalssandi. Girt 1944, 6200 m, 230 ha. Friðun aukin til suðurs 1948, þá girtir um 12 km, um 1200 ha. Hlaðnir grjóttgarðar. Melfræi, sandfaxi og vingulfræi sáð. Landið er nú að mestu gróið, einkum innan eldri girðingarinnar.

34. Leiðvöllur í Meðallandi. Stórbýlið Leiðvöllur eyddist af sandfoki norðaustan úr hrauninu. Jörðin fór að fullu í eyði 1943. Girt 1944—45, 38506 m, 4967 ha.

Landið var hvergi orðið örfoka, en allur gróður eyddur af foki og fokmold og sandur alls staðar á hreyfingu.

Við slík skilyrði þrífst melurinn mjög vel. Heppnaðist því sáning melfræs, sem sáð var 1946—47, ágætlega, og hefur hann síðan hreiðt út sjálfkrafa og náð afar mikilli grósku, svo að vart eru slíks dæmi annars staðar.

Á Leiðvelli væri hægt að reisa að nýju myndarlegt býli eftir tólf til þrettán ára starf.

35. Hólasandur í Suður-Þingeyjarsýslu, norðan Mývatnssveitar. Að mestu land frá jörðum í Laxárdal. Girt sem varnargirðing á vegum sauðfjarveikivarnanna 1943—45. Sandgræðsla Íslands tók við landi og girðingu 1949. Landstærð um 6000 ha lengd girðingar um 40 km. Þar hefur ekkert verið gert nema girða. Þyrfti að bera á vingulgróðurinn, sem er þar allsráðandi.

36. Berjanes í Vestur-Landeyjum. Uppblástur frá Affallinu. Girt 1948 4200 m, 700 ha. Er raunverulega stækkun á Hemlugirðingu (sjá tölulið 12 hér að framan). Sjálfgræðsla gengur vel.

37. Lambastaðir í Álftaneshreppi í Mýrasýslu. Foksvæði við sjó. Sandur gekk á tún jarðarinnar. Girt 1949 um 3000 m, um 300 ha. Sáð vingli og stefnt að því að gera töluvert af svæðinu að túni.

38. Meðalland í Vestur-Skaftafellssýslu. Víðáttumikið sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í sveitinni. Girt 1953 úr Kúðafljóti að vestan í Eldvatn að austan, um 40 km, um 6000 ha. Sáð hefur verið túnvingli á mörkum sands og gróðurs og borið á til að stöðva frekari gróðureyðingu, þar sem mest mæðir á. Annars má búast við mikilli sjálfgræðslu víða um sandinn (vingull og stór), einkum ef gróðurinn væri styrktur með áburði.

39. Aðaldalsgirðing í Suður-Þingeyjarsýslu. Foksvæði frá sjó milli Laxár að austan og Skjálfafljóts að vestan. Girt 1953 um 14 km, um 1500 ha. Sáð melfræi með allgóðum árangri. Melur, sem var í landinu, hefur breiðt mikið út.

40. Vatnsbæjagirðing. Foksvæði við sjó norðan Víkingavatns og Lóns í Kelduhverfi. Girt 1953—54, um 11 km, um 1100 ha. Melfræi sáð í mjóar spildur, þvert á fokáttina. Borinn tilbúinn áburður á melgróður, sem er fyrir í landinu, og reynt að fá hann til að breiðast út um sléttan sandinn.

41. Breiðavík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1953—54, um 12 km, um 1200 ha. Sáð melfræi, vingli og sandfaxi. Árangur misjafn, sandurinn víða of blautur fyrir slíkan gróður. Reynt er að hækka sandinn með því að setja upp trégirðingar, sem fýkur að.

42. Kollsvík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1954—55, um 6200 m, um 700 ha. Sáð melfræi með góðum árangri.

43. Hólasandur, austan Jökulsár á Fjöllum, sunnan byggðar í Axarfirði. Stórfellt sandfok úr suðri, er stefndi á byggðina. Girt 1954, um 40 km, um 6000 ha. Settir upp um 45 km af timburgirðingum, sáð meðfram þeim melfræi og vingli og borið á. Hefur þegar náðst sá árangur, að fullar vonir standa til, að hinni bráðustu hættu sé hægt frá, en þörf mikilli aðgerða hin næstu ár og lengi enn.

44. Landeyjar. Sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í Austur- og Vestur-Landeyjum alla leið frá Hólsá að vestan til Markarfljóts að austan. Girt 1955, um 40 km, 11000—12000 ha. Settir hafa verið upp um 35 km af timburgörðum, melfræi sáð meðfram og borið á. Eiga garðarnir að gera hvort tveggja að stöðva fok og hækka landið.

45. Vík í Mýrdal. Foksandur frá Mýrdalssandi austan kaupþúsins meðfram þjóðvegi, milli hans og Víkurhamra. Girt 1955—56, um 500 m, um 115 ha. Sáð vingli og sandfaxi til túnraktunar með mjög góðum árangri.

46. Bakkabær á Rangárvöllum. Foksvæði við Þverá. Girt 1956, um 9000 m, um 540 ha. Sáð vingli, melfræi og sandfaxi.

47. Skógasandur. Girt 1955, 12 km, 1000 ha. Sáð 1955 í 1000 ha. vingli og vallarfaxgrasi (25 og 75%). Sáð 1956 í aðra 100 ha. sömu tegundum (75 og 25%). Sáð 1957 í 30 ha. túnvingli.

Borið á og gengið frá, svo sem um túnrækt sé að ræða. Landið notað til beitar og slæгна. Svæðið er allt úr landi Skóga, en afsalað í hendur Sandgræðslu Íslands.

Sandgræðslan lagði til allt girðingarefni og grasfræ og lét í té framlag til áburðarkaupa. Bændur í Austur-Eyjafjallahreppi unnu að girðingu og ræktunarstörfum og árangurinn í umsjá sandgræðslunnar.

48. Sólheimasandur. Girt 1956, 3200 m, 60 ha. Sáð 1956 í 18 ha. túnvingli og vallarfoxgrasi (75 og 25%). Sáð 1957 í 3 ha. túnvingli. Landið er eign Sólheimabænda. Um girðingu, fræ og áburð er sama að segja og um Skógasand. Landið notað til slæгна.

49. Skaftárdalur á Vestur-Síðu. Moldfok. Girt 1955, um 4000 m, um 112 ha. Sandgræðslan lagði til girðingarefni og fræ. Sáð var 1956 í 6 ha. til túnræktar, túnvingli og vallarfoxgrasi til helminga. Framkvæmd í höndum bóndans.

50. Randir í Mývatnssveit. Foksvæði norðaustanvert við Námaskarð, norðan þjóðvegjarins. Girt 1957, 7 m, 8500 m, um 1125 ha.

Randsáð í 30 ha. melfræi.

Sandgræðsluvæði, sem hafa verið í vörzlum Sandgræðslu Íslands, en voru afhent hlutaðeigandi aðilum fyrir 1940.

1. Miðhús í Hvollhreppi, Rangárvallasýslu.

Moldaruppblástur, girt 1910, 1550 m, 15 ha.

2. Mjósyndi í Villingaholtshreppi, Árnessýslu.

Girt 1913, 2700 m, 65 ha.

3. Ytri-Sólheimar í Dyrhólahreppi.

Moldarrof í hlíðarbrekkum. Girt 1913, 2400 m, 38 ha.

4. Stóra-Hof á Rangárvöllum.

Sandágangur frá Geitasandi, sem hótaði öllu graslendi á Stóra-Hofi, sem í rauninni er aðeins gróðurspilda meðfram Eystri-Rangá. Girt 1926, 3520 m, 71.8 ha.

5. Reynifell á Rangárvöllum.

Uppblástur suður af Hekluhrauninu, er stefndi á túnið. Girt 1930, 3200 m, 36 ha.

Sandgræðsla, sem styrkur hefur verið veittur til, án þess að Sandgræðsla Íslands annaðist framkvæmdir.

1. Syðri-Fjörður í Lóni í Austur-Skaftafellsýslu.

Sandur við sjó. Girt 1944, um 1500 m, um 10 ha.

2. Grænavatn í Mývatnssveit.

Árið 1945 voru hin svonefndu Sellönd suður af Grænavatni girt og veittur styrkur til þess úr ríkissjóði, er nam verði á öllu girðingarefni, komnu á næstu höfn.

Lengd girðingar um 11 km, landstærð um 2000 ha.

Þar var um mikinn uppblástur að ræða, sem tókst að hefta með friðun og sáningu melfræs. Landið er nú verðmætt beitiland.

3. Stjórnarsandur á Síðu.
Sandsvæði milli Stjórnar og Skaftár. Girt 1950, um 4000 m, um 2000 ha. Sandgræðslan lagði til efni í girðinguna, komið á staðinn.

Samkvæmt þessari talningu hefur sandgræðlan náð til:

1. Fimmtíu svæða, sem enn eru í vörzlu Sandgræðslu Íslands.
2. Fimm svæða, sem hafa verið afhent hlutaðeigandi aðilum, eftir að sandgræðslan hafði haft þau til meðferðar.
Þessi fimm svæði eru alls um 225.8 ha. og lengd girðinga um 13370 m.
3. Þriggja svæða, sem veittur hefur verið styrkur til að friða. Landstærð um 4010 ha., lengd girðinga um 16500 m.